

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxey hf. Friðarhöfn (áður Icelandic Land Farmed Salmon ehf. Friðarhöfn) Friðarhöfn



|                     |                                                                          |                         |                |
|---------------------|--------------------------------------------------------------------------|-------------------------|----------------|
| Dags eftirlits      | 4.9.2025                                                                 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Freyr Ævarsson |
| Fyrirtæki           | Laxey hf. Friðarhöfn (áður Icelandic Land Farmed Salmon ehf. Friðarhöfn) | Eftirlitsmaður          | Freyr Ævarsson |
| Heimili             | Strandvegur 63                                                           | Tegund eftirlits        | Reglubundið    |
| Kennitala           | 660521-1270                                                              | Flokkur                 | Fiskeldi       |
| Fulltrúi fyrirtækis | Birgitta Valdimarsdóttir                                                 | ÍSAT nr.                |                |
| Fulltrúi fyrirtækis |                                                                          | Staðsetning             |                |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu þess efnis að fullnægjandi ársyfirlit fyrir árið 2024 barst ekki á tilskildum tíma. Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu. Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í seiðaeldisstöð Laxeyjar, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum.

Laxey, Friðarhöfn er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun og gildir til 17. maí 2039. Starfsleyfið tekur til seiðaeldis með allt að 199 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Eitt frávík kom fram í síðasta eftirliti og þá voru einnig settar fram tvær ábendingar. Frávikinu var lokað með bréfi dags. 1. júlí 2024 og ekki er tilefni til eftirfylgni vegna ábendinganna.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var skilað þann 30. apríl 2025 og eru engar athugasemdir gerðar við þau skil. Fullnægjandi ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað á tilskildum tíma. Fullnægjandi ársyfirliti var skilað 21. október 2025. Útreikningar á losun út frá fðri staðfesta að fosfórlasunin hafi árið 2024 verið innan heimilaðra marka, sem eru 10 kg P á hvert tonn af lífmassaaukningu.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og barst eftirlitsaðila skirteini, því til staðfestingar, að eftirlitinu loknu.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

- Önnur mál

Rekstraraðili hefur sótt um nýtingarleyfi vegna stöðvarinnar en leyfið er enn í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun.

- Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði rekstraraðila. Efnageymslur voru skoðaðar. Niðurföll á gólfum geymslanna eru lokuð, öll efni eru geymd á viðeigandi lekabyttum og öryggisblöð eru til staðar þar sem efni eru notuð eða geymd. Engar athugasemdir eru gerðar við umgengni og frágang.

| Frávik frá            | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                  |
|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Gr. 4.4 í starfsleyfi | Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirlit fyrir árið 2024 barst ekki á tilskildum tíma. |


## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2025



Freyr Ávarsson